

Miðvikudaginn 22. desember 1954.

Nr. 163/1954. **Guðlaugur Ásgeirsson**

og

Sigurður Berndsen

gegn

Péttri Péturssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest 30. nóvember sl., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Sigurðar Berndsens, og féll málið þá niður, að því er hann varðaði.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson sótti hins vegar dómþing og bað um frest til desembermánaðar, en stefndi, sem lét sækja dómþing, vildi ekki samþykkja þann frest. Á dómþingi 3. þ. m. varð það að samkomulagi með aðiljum að fresta málinu til desembermánaðar. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 20. þ. m., var ekki sótt dómþing af hálfu áfrýjanda Guðlaugs Ásgeirssonar. Fellur málssókn hans því einnig niður. Af hálfu stefnda var hins vegar sótt dómþing, og krafðist hann ómaksbóta. Með hliðsjón af kostnaði þeim, sem stefndi hefur haft af málinu, þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 500,00.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Guðlaugur Ásgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Péttri Péturssyni, kr. 500,00 í ómaksþóknun að viðlagðri aðför að lögum.